

Veitur ohf.  
Sigrún Tómasdóttir  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík

Reykjavík, 20. desember 2022  
UST202212-112/B.S.  
10.05.07

**Efni: Umsögn - framkvæmdarleyfi á svæði á náttúruminjaskrá - áreyri við Rauðsgil í Reykholtssdal**

Vísað er til erindis Veitna ohf dags. 9. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um framkvæmd. Ráðgert er að grafa safnþró og skurð í áreyri í Reykjadalssá. Markmiðið er að hækka vatnsborð í nálægum borholum.

Fram kemur í erindinu að hér er aðeins um að ræða þró og skurð sem grafin verða í eyrina og ekki verða byggð önnur mannvirki á eyrinni.

Umhverfisstofnun telur að þær aðgerðir sem hér eru til umfjöllunar séu að öllu leyti afturkræfar þar sem einungis þarf að fylla skurð og þró með uppmokstri. Halda ætti þessu efni til haga þannig að ef aðgerðin heppnast ekki eins og vonast er til verði unnt að ganga þannig frá áreyrinni að ásýnd verði sem líkust því sem var fyrir framkvæmdina.

Einnig telur stofnunin að Veitur verði að gæta að því að náttúrulegt rennsli árinna haldist og lífríki raskist ekki.

Auk þess þarf að gæta að auknum aurburði við framkvæmdina og stöðva framkvæmdir ef vart verður við aukinn aurburð.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Axel Benediktsson,  
*sérfræðingur*